

Vika 6 - haustönn

Lota 2 - SJÁLFSTÆÐI

Orðræða: látum hendur standa fram úr ermum og ÉG er frábær

Lotulykill 1: Sjálfstyrking

Orðaforðalisti: Fatnaður

Lubbi: Íí og Ýý

Lotumynd: Sjálfsmynd

Strik fyrir strik: Dýr - yngri bls. 36-50, eldri 114-136

Litla Sól: **Unnið með frásögn** bls. 71-76

Sól: **Unnið með máhljóð** bls. 65-73

Söngvar: Hvar er húfan mín, Buxur vesti brók og skór



(Fljúga hvítu fiðrildin)

Íris kallar í, í, í,

í hvað þetta er gaman.

Ívar botnar ekkert í,

í öllu þessu saman.

Kennslutilhögun og dagskipulag

Setja orð á athafnir: Nú ætlum við að fara í peysu, fyrst renna niður svo í ermar og renna upp

Samvera: Syngja fara yfir orðaforðalistann

Við matarborðið: Vinna með sjálfstyrkingu, skammta sér sjálf, hella í glas, gera mistök, aðstoða

Í fataherbergi: Ræða í hvaða föt við erum að fara í. Klæða sig sjálf. Af hverju förum við í regnbuxur þegar það er rigning? Leyfa elstu að meta það sjálf í hvað þau ætla fara í.

Í hópatímum: Umræður um í hverju við erum góð, finna styrkleika, hvetja og hrósa (hrósspjöld). Æfa sig að renna, hneppa, smella

Inn í tónlist eru til æfinga spjöld til að renna, hneppa og smella .

Orðaforðalisti MMS: Fatnaður

Yngsti hópur: buxur, peysa, bolur, sokkar, nærbuxur, smekkur, skór, húfa, úlpa, vettlingar,

Mið hópur: pollagalli, pollabuxur, pollajakki, regnföt, útiföt, kuldagalli, galli, stígvél, kuldastígvél, útiskór, strigaskór, kuldaskór, stuttbuxur, kjóll, pils, sokkabuxur, sundföt, leggings, spariskór, hlý föt, snjóbuxur, buff, ullarsokkar, ermi, vasi, gleraugu

Elsti hópur: skyrta, treyja, lopapeysa, flíspeysa, nærbolur, brók, stuttermabolur, kápa, jakki, gallajakki, gallabuxur, ípróttaföt, sundbolur, sundskýla, bikiní, inniskór, sandalar, trefill, hálsklútur, derhúfa, hattur, höfuðfat, hanskar, lúffur, bindi, slaufa, kragi, skálm

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Yngsti hópur: Klappa atkvæði orða og ríma

Mið hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

Elsti hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging